

Spennandi að sjá hverju andi Guðs mun koma til leiðar

- framhald af viðtali við sr. Guðmund Karl og sr. Guðna Már

Sunnudagsmessurnar hafa verið sérstaklega vel sóttar í haust, finnið þið fyrir því að fólk sækji í ríkari Árna Friðrikssyni og ég hlakka til að starfa innan veggja þessa húss.

Guðni Már: Utanaðkomandi aðstæður hafa opnað augu margra fyrir að það borgar sig að taka andann fram yfir efnið, margir hafa kannski séð að vonin, trúin og kærleikurinn er traustara haldreipi en efnislegir hlutir. Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi og sprýr ekki um hversu mikil er í pyngjunni.

Guðmundur Karl: Í raun er erfitt að meta hvað veldur þessari góðu fjölgun. Hvort það er kreppan eða eitthvað annað og meira. Mögulega er að eiga sér stað vakning meðal þjóðarinnar. Hún fer frekar hægt og hljótt af stað en ég er spenntur að sjá hverju andi Guðs mun koma til leiðar.

Nú verður hluti Lindakirkju tekinn í notkun eftir nokkra daga, sjáðið þið fyrir ykkur að safnaðarstarfið taki einhverjum breytingum í kjölfarið?

Guðmundur Karl: Augljóslega mun margt breytast. Ég hef stundum orðað það þannig að breytingarnar verði svo miklar að trúlega verði þetta eins og að skipta um starf. Aðstaðan í Lindakirkju er ákaflega vel hugsuð og útfærð

þegar aðventan og jólahátiðin ganga í garð er kirkjan í meiri forgrunni en venjulega. Er öðruvísi að vera prestur á jólunum en á öðrum tínum ársins?

Guðmundur Karl: Nei, en jólín eru ólik öllum öðrum tínum ársins. Á sínum tíma, þegar ég annaðist jólahelgihald í fyrra skipti sem prestur fann ég fyrir miklum breytingum á mínum högum. Jólín fengu annan blæ en áður og fyrstu árin saknaði maður þess að geta ekki slappað meira af yfir hátiðarnar. Nú er helgihaldið orðið ómissandi þáttur í jólahaldinu og maður er farinn að njóta þess að þurfa hreinlega, starfsins vegna, að íhuga og boða fæðingu Guðs sonar hver jól.

Guðni Már: Ég hef ekki beina reynslu af þessu ennþá, en það er klárlega meira að gera og staða kirkjunnar í íslensku samfélagi endurspeglast kannski best í mikilli og almennri þáttöku í helgihaldi jólanna um allt land. **ÁJ**



Eldri borgarar athugið!

Síðasta súpusamvera ársins verður fimmtudaginn 11. desember kl. 12:00 í Glaðheimum við Álalind

Dýrindis súpa og óvæntir jólagestir.

Í LINDAKIRKJU ANNAN Í JÓLUM

- KEITH REED
- HYMNESKA KÁNTRÝSVEITIN HIRDARNIR
- KÓR LINDAKIRKJU



ALFA NÁMSKEIÐ

hefst í Lindakirkju miðvikudaginn 14. janúar 2009

sjá nánar á www.lindakirkja.is

Skráning í síma 544 4477 eða á netfangið lindakirkja@lindakirkja.is

KIRKJUVÍGSLA

Sunnudaginn 14. desember kl. 17 mun biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson, vígja fyrsta fullbúna áfanga Lindakirkju. Um er að ræða safnaðarsal, sem hýsa mun helgihald safnaðarins næstu árin, en auk hans verða teknar í notkun skrifstofur safnaðarins, samtalsherbergi og æskulýðsstofa. Hafist var handa við byggingarframkvæmdir í september á síðasta ári.

Ljóst er að þessi fyrsti áfangi mun bæta aðstöðu safnaðarstarfsins verulega. Frá stofnun, árið 2002, hefur nánast allt safnaðarstarf farið fram í Safnaðarheimili Lindasóknar við Uppsali. Það hús hefur ýmist verið uppnefnt *Húsið á sléttunni* eða *skúrinn*. Þó að kirkjan verði tekin í notkun mun gamla safnaðarheimilið gegna sínu hlutverki áfram fyrir söfnuðinn sem kirkjusel á Vatnsenda. Allt helgihald yfir hátiðarnar verður í Lindakirkju, ýmist í safnaðarsalnum eða kirkjuskipinu, sem ekki hefur enn verið rykbundið, en verður upphitað og notalegt. Segja má að rýmið, eins og það er nú, hrátt og einfalt, ætti að geta fært kirkjugesti nálægt anda hinna fyrstu jóla.

Vígsludaginn 14. desember verður opioð hús í Lindakirkju fyrir gesti og gangandi frá kl. 13-16. Vígsluathöfnin hefst, eins og áður sagði, kl. 17. Prestar safnaðarins, þeir Guðmundur Karl Brynjarsson og Guðni Már Harðarson, munu þjóna við athöfnina ásamt biskupi, Kór Lindakirkju leiðir safnaðarsönginn undir stjórn Keith Reed, en Helga Magnúsdóttir sopran syngur einsöng. Við hvetjum sóknarbörn til að fjlómenna í vígsluathöfnina en bendum á að pláss gæti verið takmarkað. En þróngt mega sáttir sitja.



Lindakirkja að kvöldlagi. Tölvuteikning: ASK arkitektar



INGI
HÓPFERÐIR
55 444 66



SPURT Í SUNNUDAGASKÓLANUM

Hvers vegna höldum við jólf?



Daniel Orri 3 ára
Jesús fæddist.



Svanborg Lilja 3 ára
Bara.



Kjartan Pétur 4 ára
Þá verður jólakaka og allir fara að skreyta og svona.



Júlia Líf 3 ára
Vegna þess að Jesús fæddist á jólunum.

MOLAR ÚR SAFNAÐARSTARFINU

Barna og ungingastarfið í miklum blóma

Samstarf KFUM og KFUK og Lindasóknar um barna og æskulýðsstarf hefur gengið afar vel nú í haust sem endranær en starfið fer fram í 4 mismundandi deildum og hefur aðsókn verið góð í þær allar. 10-12 ára starf fyrir drengi fer fram á þriðjudögum kl. 15:30-16:30 en 9-12 ára stúlkur hittast á föstudögum kl. 15:00-16:00. 8. bekkingar hittast á þriðjudagskvöldum frá 20:00-21:30 og 9.-10. bekkingar hittast á sunnudagskvöldum frá 19:30-21:00. Myndin hér til hliðar var tekin á KFUK fundi nú í haust. Á bilinu 50-70 stúlkur mæta á hverjum föstudagi í safnaðarheimilið og láta sér í léttu rúmi liggja þótt oft sé þróngt á þingi.



Svipmyndir úr fermingarferð í Vatnaskógi



Jólaföndur á fyrsta sunnudegi í aðventu

Fyrsta sunnudag í aðventu var haldið í skemmtilega hefð sem skapast hefur hér í Lindasókn. Í stað hefðbundinnar guðsbjónustu var haldin stutt helgistund við aðventukransinn kl. 11 í Salaskóla.

Eftir það var tekið til óspilltra málanna að föndra fyrir jólin. Undir hljómaði ljúf jólatónlist og á boðstólum voru piparkökur, safi og kaffi. Aldrei hafa fleiri mætt á jólaföndur Lindasóknar eða tæplega 240 manns á öllum aldri. Margir gáfu hluta af föndri sínu til kirkjunnar og verður það notað til skreytinga í Lindakirkju nú um jólin.



Spennandi að sjá hverju andi Guðs mun koma til leiðar

-segja þeir sr. Guðmundur Karl Brynjarsson og sr. Guðni Már Harðarson



Safnaðarstarfið í Lindasókn hefur verið í stöðugum vexti og aukist enn frekar það sem er þessum vetrar. Í Lindakirkju starfa tveir prestar, sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur og sr. Guðni Már Harðarson, sem tók til starfa 1 september síðastliðinn. Ástriður Jónsdóttir tók prestana tali.

Lindasókn er stór sókn og eflaust löngu tímabært að hér þjónuðu fleiri en einn prestur. Hverníg hefur ykkur gengið að starfa saman þessa fyrstu mánuði?

Guðmundur Karl: Þótt fjöldi sóknarbarna í Lindasókn hafi fyrir löngu verið nægur til að bæta við öðrum presti þá hafa aðstæður ekki boðið upp á það fyrr en nú. Nánast frá upphafi hefur það verið skoðun bæði míni og sóknarnefndar að ekki ætti að bæta við presti hér fyrr en viðunandi starfsaðstaða væri komin fyrir hann. Í ársþyrjun var farið þess á leit við biskup að bætt væri við stöðu prests í Lindasókn. Hann hafði þá þegar ráðgert að auglýsa stöðuna lausa til umsóknar á miðju ári.

Guðni Már: Þetta hefur verið afar ánægjulegur tími, hér er mikið starf unnið og ýmislegt að setja sig inn í, mörg ný andlit og uppákomur sem maður kynnist í safnaðarstarfinu. Starfsandinn er mjög góður hjá okkur Guðmundi Karli, Keith Reed og Þór Bíno sem nú leysir Sigríði kirkjuvörð af. Við Guðmundur Karl göngum í takt í safnaðarstarfinu og ég held við veitum hvor öðrum innblástur og betrumbætum hugmyndir hvor annars.

Guðmundur Karl: Það er alveg ljóst að þjónusta prests við Lindasókn breytir miklu og á allan veg til batnaðar, bæði fyrir mig og ekki síður fyrir söfnuðinn. Þjónusta prests í Lindasókn er ekki til þess eins að dreifa starfsá lagi heldur fyrst og fremst til að auka slagkraftinn í safnaðarstarfinu. Ég er afar ánægður með að fá svona góðan prest við hlið mér og það er afar mikilvægt að við höfum, eins og Guðni sagði, svipaða sýn á boðun

orðsins, helgihaldið, fræðsluna og annað sem tilheyrir safnaðarstarfinu. Annað sem er mikilvægt fyrir presta sem starfa í sömu sókn er að hafa trúnað hvor annars.

Safnaðarstarfið hefur verið gríðarlega öflugt og margir sem taka þátt, er eitthvað sem stendur upp úr hjá ykkur?

Guðmundur Karl: Ég er fyrst og fremst þakklátur fyrir þann mikla auð sem býr í öllum þeim sem leggja hönd á plág í safnaðarstarfinu hvort sem það heitir sunnudagaskólastarf, sóknarnefnd, meðhjálparastarf, kórinna eða byggingarnefnd, svo eitthvað sé nefnt. Allir vinna af heilum hug og Lindasókn hefur notið mikillar blessunar því að hér hefur safnast margt hæfileikafólk til starfa.

Guðni Már: Ég tek undir það. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir hversu margir taka þátt í starfinu hjá okkur. Í hverri viku koma vel á annað hundrað börn í KFUM og KFUK starfið, messusóknin hefur verið mjög góð, 130 fermingarbörn sækja fræðslu hjá okkur. Ekki má gleyma starfinu fyrir eldri borgara og kirkjukórninn blómstrar hjá Keith Reed um þessar mundir. Svo eru ýmsar nýjungar í farvatnini. Eftir áramót hefst nýtt Alfa námskeið en næsta haust verður boðið upp á hjóna-Alfa þar sem Marteinn Steinar Jónsson kennir með okkur.

Framhald á næstu síðu



Leturprent



Aðventa og jólí Lindasókn

14. desember. 3. sunnudagur í aðventu - KIRKJUVÍGSLA

Kl. 11:00 Síðasta guðsfjónustan og sunnudagaskólinn í Salaskóla.

Kl. 13:00-16:00 Opið hús í Lindakirkju.

Kl. 17:00 Biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson vígir safnaðarsal Lindakirkju.

Kór Lindakirkju leiðir safnaðarsöng undir stjórn Keith Reed organista.

Einsöngur: Helga Magnúsdóttir.

Prestar safnaðarins fjóna ásamt biskupi við vígsluna.

21. desember. 4. sunnudagur í aðventu

Kl. 20:00 TÖGNUM KOMU LJÓSSIINS! Aðventukyölvíðvaka í Lindakirkju

Fram koma: Kór Lindakirkju ásamt Keith Reed, Matti Sax og Áslaug Helga,

Regína Ósk Óskarsdóttir ásamt öðrum.

24. desember. Aðfangadagur jóla

Kl. 16:00 Jólastund fjölskyldunnar. Kór Salaskóla syngur undir stjórn Ragnheiðar Haraldsdóttur, Jólaguðspjallid verður lesið og hver veit nema að kunnuglegir gestir úr sunnudagaskólanum láti sjá sig. Í lok stundarinnar fá börnini lítinn jólaglaðning frá Lindasókn. Prestar safnaðarins fjóna.

Kl. 18:00 Aftansöngur. Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Keith Reed.

Einsöngur: Erla Björg Káradóttir. Trompet: Steinar Matthías Kristinsson.

Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson fjónar.

Kl. 23:30 Miðnæturmessi. Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Keith Reed.

Einsöngur: Hulda Björk Garðarsdóttir.

Sr. Guðni Már Hardarson fjónar.

ATH - Allar guðsfjónustur á aðfangadag fara fram í kirkjusíki Lindakirkju.

25. desember. Jóladagur

Kl. 11:00 Guðsfjónusta í Safnaðarsalnum. Sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur fjónar.

Organist: Helga Þórdís Guðmundsdóttir.

26. desember 2. í jólum.

Kl. 11:00 Sveitamessa í Lindakirkju kl. 11:00.

Hátiðleg jólaguðsfjónusta í country og western stíl. Tónlist er í höndum Keith Reed, en auk hans koma fram Kór Lindakirkju og Hymneska kántriþjómsveitin Hirðarnir.

Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson fjónar.

28. desember. Sunnudagur milli jóla og nyárs.

Kl. 11:00 Guðsfjónusta. Félagar úr Kór Lindakirkju syngja undir stjórn Keith Reed.

Barn verður borð til skírnar.

Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson fjónar.



lifandi vatn

Fréttabréf Lindasóknar - 1. tgl. 6. árg. 2008



MEDAL EFNIS

- Vígsla Lindakirkju
- Viðtal við prestana
- Æskulýðssstarf í blóma
- Ný heimasíða
- Dagskrá aðventu og jóla
- Spurt í sunnudagaskólanum
- Sveitamessa á annan í jólum

ADVENTA OG JÓL 2008

Ritnefnd: Ástriður Jónsdóttir, Guðmundur Karl Brynjarsdóttir og Guðni Már Harðarson.
Ljósmyndir: Haraldur Guðjónsson og fleiri.
Fréttabréfið er gefið út í 5000 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.
Ábyrgðarmaður: Guðmundur Karl Brynjarsdóttir

Ný og betri heimasíða

Heimasíða safnaðarins tók miklum stakkaskiptum nú í haust með nýri ásýnd og auknum upplýsingum. Það voru hjónin Ragnar Antoniussen og Ásta Beck sem áttu frumkvæði að breytingunum, hönnuðu og forrituðu heimasíðuna og gáfu vinnu sína við hana. Þeim eru hér með færðar kærar þakki og hvetjum við alla til að fara inn heimasíðuna www.lindakirkja.is til að fylgjast með því sem er á döfinni í safnaðarstarfinu.



Friðarljós

loga vel og lengi
og þú styður fólk
til sjálftshjálpar

Hjálpstarf Kirkjunnar

Blóm er list
blóm og gjafavörur

Núpalind 1, sími 564 1199


Prestur í Lindasókn

I júní síðastliðinn var sr. Guðni Már Harðarson valinn til að gegna embætti prests í Lindasókn frá og með 1. september síðastliðnum. Sr. Gísli Jónasson, prófastur setti hann formlega í embætti í byrjun októbermánaðar.

Guðni þjónaði undanfarin 3 ár sem skólaprestur og framkvæmdastjóri Kristilegu skólahreyfingarinnar auk æskulýðsstarfa fyrir KFUM og KFUK.

Guðni er kvæntur Ásdísí Björnsdóttur og eru þau búsetti í Kópavogi ásamt tveimur börnum sínum, þeim Nóa Pétri 3 ára og óskírðri dóttur sem fæddist 29. nóvember síðastliðinn.

Um leið og við óskum hjónunum til hamingju með dótturina bjóðum við Guðna velkominn til þjónustu við Lindasókn.



**Vandvirkni
er okkar
markmið**

Það er vandfundið það verkefni í mannvirkjagerð sem **ÍSTAK** getur ekki leyst.

Með vel menntuðu, hæfu og reyndu starfsfólk, fjölbreyttum tækjakosti, stórvirkum vinnuvélum og flutningatækjum, eru okkur allir vegir færir.

Fjölmargar kirkjur innan lands sem utan, bera vitni um traust vinnubrögð **ÍSTAKS**.

ÍSTAK

ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík
Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724
istak@istak.is · www.istak.is